

Textílmenn 6. bekkur

Kennarar: Una Kristín Jónsdóttir

6

Lýsing

Textílmenn er innan námssviðs list- og verkgreina í aðalnámskrá. Þrátt fyrir mismunandi inntak, aðferðir og áherslur list- og verkgreina er einnig margt sem tengir þær saman. Hæfniviðmiðum fyrir textílmenn er skipt í þrjá flokka: Verklag, Sköpun, hönnun og tækni og Menning og umhverfi. Flokkarnir tengjast hver öðrum sem og öðrum námsgreinum, sbr. sköpun, menning, umhverfisvitund, endurnýting, sjálfbærni og nýsköpun.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Yfirferð námsefnis

Í **Árgangsáætlun** fyrir textílmenn 6. bekkja eru hæfniviðmið (námsmarkmið), námsefni (námsleiðir), námsmat (áætlun) og samþætting útlistuð. Hún er hluti af skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Árgangsáætlun, þ.e. kennsluáætlun árgangsins fyrir skólaárið, er kynnt nemendum og foreldrum á hópfundum að hausti (sbr.: *Námskynning*).

Árgangsáætlun er til grundvallar *vikúáætlunum* kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Kennslustundir á viku: 2 (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námshættir og viðfangsefni í textílmenn taka mið af *hæfniviðmiðum* árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá hæfniviðmið árgangsins). Kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Námshættir og viðfangsefni í textílmenn 6. bekkja á skólaárinu eru þessi:

- grunnáðferðir, áhöld, snið og uppskriftir, að þræða saumavél, yfir- og undirtvinni, saumfótur, vinna sjálfstætt og eftir tilmælum kennara, að fara eftir skriflegum leiðbeiningum, að sauma útsaumsspor og útfærta þau í mynstur, hugtök og heiti: sköpun, læsi og sjálfbærni, vandvirki og góð vinnubrögð, frágangur.
- að þróa eigin hugmyndir í textílverki, vinna eftir ferli, skreyta textílverk, hugmyndasköpun.
- íslenskt hráefni, ný og endurunnið efni í textílvinnu, náttúru efni og gerviefni.

Kennsluáðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluáðferðir, vinnulag) í textílmenn 6. bekkja taka mið af *leiðsagnarnámi*.

Melaskóli nýtir sér *þjölbreytta kennsluhætti* innan allra árganga til að styrkja textílmenn, m.a.: markvissar innlagnir kennara, lestur og umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun, verkefni og próf.

Nám í textílmenn byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Námið gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og um leið tjá sig. Textílmenn á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar og byggir á rótgróinni handverkshefð sem hefur þróast og tekið inn nýjar áherslur í takt við þarfir breyttra tíma og breyttar áherslur í menntun og uppeldi.

Í textílmenn er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Mikilvægt er að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni. Sköpun, læsi og sjálfbærni eru þættir sem tengjast textílmenn sterkt og lögð er áhersla á að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir og nýsköpun.

Sköpunargleði er eitt af gildum Melaskóla. Allir nemendur búa yfir sköpunarhæfileikum sem nauðsynlegt er að efla og þroska með þeim.

Áherslur Melaskóla í list- og verkgreinum við lok 7. bekkjar eru:

- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt

- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum
- gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans
- gengið frá eftir vinnu sína
- unnið einföld verkefni í hópi
- lagt mat á eigin verk

Áherslur Melaskóla í textílmennt eru að nemendur:

- afli sér upplýsinga, þekkingar um viðfangsefnið og vinni úr hugmyndum sínum
- sýni afrakstur hugmyndavinnu sinnar í framkvæmd (sbr. verkleg vinna)
- ræði saman, meti og ígrundi vinnu sína og vinnubrögð (sbr. lokaafurð)
- setji vinnu sína í sögulegt og menningrlegt samhengi

Grunnþættir menntunar:

Um grunnþætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kaflar 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja náms hæfni, námshvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í textílmennt 6. bekkja byggir á *fjölbreyttu hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubókum - prófum-könnunum-skimunum (stöðupróf, greinandi próf, framvindu- og lokapróf).

Matsviðmið í textílmennt taka mið af verkgreinum í heild. Fjöldmörg *matsverkefni* í textílmennt eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir leiðsagnarnám í skilgreindum námslotum. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk.

Námsmat í textílmennt 6. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyðum að þessum markmiðum.

2025_Textílmennnt fyrir 5.-7. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

2025_Textílmennnt fyrir 5.-7. bekk - Verklag

- Geta beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.
- Geta þekkt mikilvægi viðeigandi líkamsstöðu og geti beitt líkamanum rétt við vinnu sína.
- Geta unnið úr fjölbreyttum textílefnum.
- Geta unnið með einföld snið og uppskriftir.

2025_Textílmennnt fyrir 5.-7. bekk - Sköpun, hönnun og tækni

- Geta þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.
- Geta nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um hugmyndavinnu, hönnun og útfærslu á þeim.
- Geta notað fjölbreyttar aðferðir að eigin vali við skreytingu textílafurða.
- Geta nýtt hugbúnað við hönnun eigin mynsturs eða myndefnis fyrir textílvinnu.
- Geta útskýrt eigið verk og notað til þess hugtök greinarinnar.

2025_Textílmennnt fyrir 5.-7. bekk - Menning og umhverfi

- Geta fjallað um efnisfræði svo sem eiginleika náttúruafna og gerviefna.
- Geta greint og fjallað um hefðir í textílvinnu á Íslandi og sett í samhengi við sögu.
- Geta skilið helstu tákn og merkingar textílefna.
- Geta nýtt endurunnin efni textílvinnu og gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.

VERKEFNI

- **Prjón**

Nemendur dýpka kunnáttu sína í prjóni og prjóna hlut að eigin vali með garðapríjóni eða hringpríjóni. Áhersla er lögð á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð í ferlinu og við frágang, t.d. við að fella af og ganga frá endum.

Eftirfarandi hæfni og árangursviðmið eru metin:

- Get beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.
- Mikilvægi viðeigandi líkamsstöðu við vinnu.
- Þróun eigin hugmynda í textílverk og geta til að vinna eftir ferli.

Matsviðmið:

Framúrskarandi: Öllum viðmiðum fylgt með mjög góðum árangri.
Hæfni náð: Viðmiðum fylgt með góðum árangri.
Þarfnast þjálfunar: Flestum viðmiðum fylgt með sæmilega góðum árangri.
Hæfni ekki náð: Viðmiðum ekki fylgt, óviðunandi árangur.

NÁMSEFNI/GÖGN



Listavefurinn

Vefur

(<https://listavefurinn.is/>)



Handbók í textíl

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibækur/namsefni/handbok_textilmennt/)



Textílmennt

Vefur

(<https://vefir.mms.is/textilmennt/index.htm>)



Námsefni frá kennara



Námsefni frá kennara

Valið námsefni og ítarefni frá kennara